# Útreikningur hljóðfæragjalds

# FT og FÍH

## Haustönn 2022

| Neysluverðsvísitala 1. júlí 2022 = 553,5 stig | | |
|---|---|---|
| | **Fullt gjald til greiðslu 1. desember 2022** | **Hálft gjald til greiðslu 1. desember 2022** |
| **Flokkur 1:** (trompet sett, básúnusett, blokkflautusett, horn, euphonium, túba) | 76.699 | 38.350 |
| **Flokkur 2:** (tölva (frá 1.ág.2011), þverflauta, piccolo, rafbassi, rafgítar, gítar (klassískur)) | 76.699 | 38.350 |
| **Flokkur 3:** (fiðla, lágfiðla, klarinett Bb, klarinett Eb, saxófónn (alto), saxófónn (sópran), saxófónn (tenór), enskt horn, óbó, fagott, selló, bassi) | 152.470 | 76.235 |
| **Flokkur 4:** (harmonika (frá 1.ág.2011), harpa, píanó, flygill, slagverk) | 167.598 | 83.800 |

Um afnot og greiðslur fyrir notkun á eigin hljóðfærum: Í þeim tilvikum að tónlistarskóli óski eftir því við tónlistarskólakennara að hann leggi sjálfur til hljóðfæri vegna starfs síns í þágu tónlistarskólans skal greitt fyrir þau afnot gjald, sem miðist við neðangreint verðmæti og vexti af því, afskriftir, viðhald og rekstrarkostnað. Afgjaldið skiptist í þrjá flokka og fer eftir hljóðfærategundum. Innifalið í gjaldi þessu er að eigandi hljóðfæris leggi til endurnýjunar hluti eins og strengi og blöð og annist viðhald hljóðfæranna. Afgjaldið greiðist í tveimur hlutum við lok hvorrar annar. Afgjald þetta miðast við vísitölu neysluverðs hinn 1. janúar 2011 (363,4 stig) og skal endurskoðað tvisvar á ári, hinn 1. janúar og 1. júlí.

***Frá og með 1. ágúst 2018 greiðist sama afgjald í flokki 1 vegna hljóðfæra sem í kjarasamningi aðila, fylgiskjali 4 falla undir flokk 2.***

*Sjá ennfremur skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og Launanefndar sveitarfélaga 29. nóvember 2006:*

*„Gjald fyrir hljóðfæri sem tilgreint er í fylgiskjali 1 miðast við heilt skólaár og greiðist í tveimur hlutum.*

*Frá og með 2007 greiðist hljóðfæragjald vegna vorannar hinn 1. júní vegna haustannar 1. desember. Vegna haustannar 2006 greiðist gjaldið í síðasta lagi 1. janúar 2007 og miða skal við 75% af hálfu ársgjaldi.*

*Greiða skal í hlutfalli við kennda tíma á viðkomandi hljóðfæri og ef kennt er á fleiri en eitt hljóðfæri skal greiða sem eitt gjald og mið við það sem lendir í hæsta gjaldflokki.*

*Varðandi söng-, tónfræði greina- og forskólakennara skal miða við afgjald af píanói.“*

Sjá einnig skýringu samstarfsnefndar FT/FÍH og SNS 17. september 2012.